

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

4. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, fimmtudaginn 15. nóvember 2007 kl. 15.00

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður og Svandís Svavarsdóttir.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson.

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson varaform.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Arinbjörn Vilhjálmsson.

Mosfellsbær: Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes: Ólafur Egilsson og Stefán Bergmann.

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson og Kristinn Guðmundsson.

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Hafdís Hafliðadóttir.

Auk þess sátu fundinn: Birgir H. Sigurðsson, Reykjavík, Smári Smáráson, Kópavogi og Guðmundur Malmquist, SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Lögð var fram fundargerð 3. fundar frá 24. ágúst sl. sem var samþykkt.
2. Glæðheimalóð, Kópavogi. Einar K. Jónsson og Smári Smáráson gerðu grein fyrir málinu og lögðu fram umsögn Vegagerðarinnar ásamt fleiri gögnum. Umræður urðu um málið þar sem kom fram að fulltrúar Garðabæjar settu sig ekki upp á móti því að málið færi í auglýsingu sem meiriháttar breyting en áskildu sér rétt til að koma með athugasemdir þegar að aðalskipulagi kæmi. Ákveðið var að veita frest til að koma að athugasemdum við ritara fram til mánudags 20. nóv.n.k. ella telst samþykkt að auglýsa breytinguna.
3. Vatnsendahlíðar, Kópavogi. Einar Kr. Jónsson og Smári Smáráson gerðu grein fyrir óverulegri breytingu og lögðu fram kynningarefni vegna ábendinga frá Reykjavík um að breytinguna beri að kynna fyrir samvinnunefndinni. Niðurstaða. Nefndin samþykkir að breytingin sé óveruleg en bendir á að samþykki Skipulagsstofnunar vanti. Einn nefndarmaður sat hjá.
4. Vötn og vatnasvið á höfuðborgarsvæðinu. Lagt var fram til kynningar bréf Þórólfs Antonssonar til formanns stjórnar SSH sem vísað var til Svæðisskipulagsráðs SSH sem nú er búið að leggja niður.
5. Breyting á svæðisskipulagi Álftanes. Kristinn Guðmundsson gerði grein fyrir óverulegri breytingu á svæðisskipulagi sem lögð væri fram til kynningar í nefndinni og send aðildarsveitarfélögunum. Engar athugasemdir komu fram.
6. Álftanesvegur, breytt lega við Garðaholt. Arinbjörn Vilhjálmsson gerði grein fyrir minniháttar breytingu á svæðisskipulagi vegna breyttrar legu Álftanesvegur við Garðaholt. Ekki voru gerðar athugasemdir.
7. Önnur mál. Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði af sér sem formaður þar sem nýr meirihluti hafi tekið við í Reykjavík og lagði til að Svandís Svavarsdóttir sem tekið hefur sæti í samvinnunefndinni í stað Dags B. Eggertssonar borgarstjóra yrði formaður og var það samþykkt. Þá var samþykkt að Hanna Birna tæki sæti Dags í framkvæmdanefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00